



Fundur nr.1 Fagráði lagnakerfa 2013-2014

Fundarefni:	Faglegt umhverfi lagnageirans, árangur/niðurstöður lagnamála, árangur og niðurstöður næstu ára. Spurningar til fagráðs voru leiddar til lykta.		
Fundardagur:	11.7.2013	Fundartími:	17:00 – 20:00
Fundarstaður:	Höfðabakki 9, höfuðstöðvar IAV	Fundarritari:	Snæbjörn R Rafnsson
Fundarmenn:	Snæbjörn R. Rafnsson (SRR), Svavar T. Óskarsson (STÓ)		
Dreifing:	Fundarmenn, Hilmar Hjartarson, Andrés Hinriksson, Þorgeir Jóhannes Kjartansson, Jóhannes G. Pétursson, Grétar Leifsson, Kristján Ottósson		

1. Rætt var um faglegt umhverfi lagnageirans og árangur/eftirfylgni lagnamála.

Það var niðurstaða umræðu, sem rædd var frá mörgum hliðum, að greina þurfi betur faglegt umhverfi lagnageirans, þar virðist vanta heildaryfirsýn og utanumhald fagsviðsins. Samtök Rafverktaka www.sart.is kom upp í umræðunni um ágætt yfirsýn á fagsvið. Félagsmenn SART eru aðilar að SI og SA sem m.a. auðveldar alla vinnu með innsetningu gæðakerfis, gæðakerfi fyrirtækja skal vera innleitt 1.01.2015 samkv. forskrift. nýrrar Byggingarreglugerðar 112/2012.

Rædd var tillaga að lausn: Byggja nýja menningu með fyrirmyndir sem reynst hafa vel í samstarfi við meistarafélög og aðra hagsmunaaðila. Menn sinna öflugum starfi í dag en margir hverjir við erfiðar aðstæður. Kalla þarf saman lykilmenn fagfélaga og fá mat þeirra á þessari niðurstöðu og hvernig/hvort vilji sé til að fylgja málefnum áfram. Viðkomandi aðilar verða boðaðir á fund fagráðsins eða sérfundar vegna þessa.

2. Rætt var hvort styrkja þurfi tengsl LAFÍ og hvernig ná megi árangri í lagnamálefnum félagsins.

Rætt var um að tengsl LAFÍ/fagráðs þurfi að vera í öll horn vatnsiðnaðarins: ..veitum/efnissölum/verkfræðistofum/verktökum/félagasamtökum/brunavarnafélögum/stof-nunun og fl. Brýnt er að upplýsa viðkomandi aðilum um þá umræðu sem fram fer og fá viðkomandi inni umræðuna til upplýsinga og áhrifa svo fundarhaldið sé ekki marklaust.

Rædd var tillaga að lausn: Viðkomandi aðilar verði upplýstir með pósti/simtölum, verða boðaðir á fund eða sérfundar vegna viðkomandi málefna.

3. Spurningar til fagráðs:

1. # Reglugerðir um neysluvatn banna að tengja (hitaveituvatn) annað en vottað neysluvatn í neysluvatnskerfi húsa (þrátt fyrir ákv. br. 112-2012)

Svar: Vatn frá hitaveitum er ekki flokkað sem neysluvatn líkt og kalt vatn frá vatnsveitum sem fylgja lögum heilbrigðiseftirlits. Því er í raun öll blöndun vatns við hitaveitu á ábyrgð eigenda í eldri kerfum í dag. Í dag eiga allar nýbyggingar að vera með varmaskipti og upphituðu köldu neysluvatni, þá er lögum um hámarkshita og



Lagnafélag Íslands

notkun neysluvatns fylgt. Öll ráðgjöf í þá átt að blanda saman hitaveituvatni við vatnsveituvatn, til að forðast brunaslys, er á gráu svæði eins og á er bent í fyrirspurn.

2. # Afhendingaskilyrði dreifiveitna – Upplýsingar um staðbundin skilyrði forsenda hönnunar lagnakerfa.

Svar: Veiturnar veita upplýsingar um staðbundin skilyrði vegna hönnunar lagnakerfa. Það er skylda veitunnar að hafa þær og veita hönnuði til útreikninga vatnslagna mannvirkja.

3. # Hönnun gólfhitakerfa – Breytilegur framrásarhiti m.v. útihita (kólnunarálag) er forsenda þess að viðhalda kjörhita innan marka.

Svar: Stýring framrásarhita eftir útihitastigi er hagstæð stýring til að viðhalda kjörhitastigi og er hagkvæm í rekstri. Þekkt tækni hefur þó ekki verið nógu mikið notuð hérlendis, einkum líklega vegna dýrari stofnkostnaðar og að hitaveituvatn hérlendis hefur verið nokkuð ódýrt og leyfa menn sér því að nýta það illa.

*Form. fagráðs og ritari
Snæbjörn R. Rafnsson*